

## AUGLÝSING

### um afgreiðslu bæjarráðs Kópavogsbæjar á auglýstri tillögu að breyttu deiliskipulagi.

*Vatnsendi - Þing. Boðaðing 1-3 og 2-24. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogsbæjar samþykkt þann 8. febrúar 2007 tillögu að breyttu deiliskipulagi við Boðaðing 1-3 og 2-24.

Í breytingunni felst að á húsunum við Boðaðing 1-3 og 2-20 er komið fyrir þakhæð þar sem suðurhlið húsanna er dreginn inn um 2 metra og norðurhlið um 1 metra. Íbúðum í Boðaðingi 1-3 og 2-20 fjölgar um 4 í hverju húsi eða alls um 24 íbúðir. Inndreginni þakhæð er komið fyrir á Boðaðingi 22 og hjúkrunarrýmum fjölgar um 20. Inndreginni þakhæð er komið fyrir á Boðaðingi 24 og öryggisíbúðum fjölgar um 6. Nýtingarhlutfall er um 1,0. Bílastæðum fjölgar um 60 stæði í allt.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 24. mars 2007.*

**Smári Smárason** skipulagsstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 29. mars 2007